

# Öruggt samfélag

Ráðstefna The European Safe Community

í Reykjavík 19. - 20. maí 2010



Dagskrá ráðstefnunnar með útdráttum fyrirlestra má finna á vef [Lýðheilsustöðvar](#)

## Á dagskrá ráðstefnunnar flytja aðalfyrirlesarar hennar m.a. erindi um eftirfarandi:

### Öruggt samfélag sem víðast í Evrópu

Í skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á orsakavöldum heilsubreysts á alþjóðavísu eru slys skilgreind sem orsök sem koma má í veg fyrir. Þar þarf þó að horfa til félagslegs jöfnuðar, bæði innan landanna sjálfra og á milli há – og lágtekjulanda. Mismunur sést glögglega á samanburði slysatíðni vegna umferðarslysa, drukknana, bruna, ofbeldisverka og sjálfsvíga í Evrópulöndum. Rússland kemur þar verst út. Með því að koma á verkefninu *Öruggt samfélag* sem allra víðast væri hægt að hafa þarna mikil áhrif til batnaðar.  
(Úr erindi dr. Børge Ytterstad, Noregi)

### Unnið að vottun verkefna sem virka vel

Brandenburg í Þýskalandi er *Öruggt samfélag*. Þar vinna mjög margir saman að verkefnum sem stuðla að öryggi og miðuð eru að áhættuhópum og svæðum, konum og körlum og mismunandi aldurshópum. Áherslan er á forvarnir til að koma í veg fyrir slys og ofbeldisverk á börnum og ungmennum, umferðarslysa, sem stuðla að heilsu og öryggi á vinnustöðum og koma í veg fyrir ofbeldi gegn konum. Tekið er tillit til þarfa þeirra sem eru í mestri áhættu, s.s. ungra barna, ungmenna vegna ofneyslu áfengis, ungra öikumanna og aldraðra. Aðgerðir eru hafnar til að votta verkefni sem virka vel.

(Úr erindi dr. Gabrielle Ellsaesser, Þýskalandi)

### Karl Marx, heilsa og öryggi

„Það er ekki til nein ein almenn kenning um heilsu“, segir dr. Mauri Johannssen. „Við þurfum all umlykjandi kenningu við hæfi, sem nær yfir heilsu og sjúkdóma í heild sinni, og þá í samhengi við fyrirliggjandi tengsl í umheiminum – í allri sinni mynd.“

Mauri nefnir kenningar Karl Marx og segir í því sambandi að ef í ljós komi að ríkjandi stjórnarfar komi í veg fyrir eflingu heilsu og öryggis í samfélaginu, eða stuðli jafnvel að sjúkdómum og slysum, þá verði stjórnarfar að vera hluti af rannsóknarvinnu. Sem hluti af aðgerðum til að fjarlægja hindranir þarf jafnvel að taka þátt í að breyta stjórnarfari þannig að það verði slíkt sem stuðlar að heilsu og öryggi íbúanna.

(Úr erindi dr. Mauri Johannssen, Danmörku)



### Öruggt samfélag á heima í grasrótinni

„Öryggi“ felur mun meira í sér en að vera laus við slys – á sama hátt og „heilsa“ felur meira í sér en að vera laus við sjúkdóma, er eitt af því sem fram kemur í erindi dr. Leifs Svanströms. Hann leggur einnig áherslu á að Öruggt samfélag verði að vera sjálfbært, það er að fela í sér getuna til að endast. Það hafi tekið 30 ár að koma á hugmyndinni um öruggt samfélag, 20 ár að koma á alþjóðlegu tengslaneti vegna þess og að nú sé kominn tími til að færa það yfir til grasrótarinnar. (Úr erindi dr. Leif Svanström, Svíþjóð)

### Heilbrigðissviðið þarf að vinna meira með öðrum

Slys og ofbeldi eru þriðji aðal orsakavaldur dauðsfalla á Evrópusvæði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar. Stofnunin og Evrópusambandið standa nú fyrir 3 ára samstarfsverkefni um slysavarnir. Gangsett hafa verið 99 gagnsemisprófuð verkefni sem ætlað er að sporna gegn slysum og ofbeldisverkum en þar er einnig haft í huga áhrif áfengisneyslu og félagslegs ójöfnuðar. Með verkefnunum sést að þróun og breytingar eru að verða í átt til batnaðar í um 75% þátttökuríkjanna. Þau sýna einnig að heilbrigðissviðið þarf að skuldbinda sig enn frekar til að nýta sér viðtæk og árangursrík verkefni, sem og að tengjast enn betur þeim sem einnig vinna að því að koma í veg fyrir slys og ofbeldisverk.

(Úr erindi dr. Dinesh Sethi, Ítalíu)

### Sjálfsvígsvörvarnir

Á ákveðnu tímabili var hæsta tíðni sjálfsvíga í Svíþjóð í Arjeplog, dreifbýlasta svæði landsins. Ekki síst á meðal einhleypra karla á aldrinum 20-45 ára. Óhagstæð samsetning kynjanna var á svæðinu því margar konur höfðu flutt brott, m.a. vegna þess að þær fengu enga vinnu við hæfi. Krafa kom upp um að gripið væri til aðgerða til að bæta ástandið. Tekin voru upp margs konar fræðsluverkefni, ekki síst meðal ungs fólks til að koma í veg fyrir sjálfsvíg þegar á fullorðinsaldur væri komið.

(Úr erindi dr. Bo Henricson, Svíþjóð)

### Margþætt landsáætlun í slysavörnum

Ellefu ráðherrar undirrituðu fyrstu aðgerðaráætlun Noregs á landsvísu fyrir heima-, frítíma- og umferðaslys. Áætluninni var ýtt úr vör í október 2009 en hún nær til árána 2009-2014. Auk þess að draga úr þessum slysum er áætluninni einnig ætlað að gefa heildarsýn yfir þessi slys í landinu sem og svæðisbundna. Einnig að efla samstarf allra sem starfa að slysavörnum.

(Úr erindi Johan Lund, Noregi)

### Viðbragðsáætlanir við hamförum á Íslandi

Á Íslandi þarf alltaf að vera viðbúin hamförum af einhverjum toga, ekki síst af völdum náttúrunnar eins og t.d. á við í landinu þessa stundina. Viðbragðsáætlanir við slíkum hamförum hafa lengi verið til. Ný og endurskoðuð lög um öryggi landsmanna tóku gildi árið 2008 en þar er m.a. tekið á viðbragðsáætlunum vegna hamfara. Samfélög á Íslandi eru mjög mismunandi að stærð og gerð, og sum hinna smærri hafa ekki bolmagn til að gera og starfa eftir viðamiklum viðbragðsáætlunum. Öll samfélög geta þó nýtt sér það sem viðbragðsáætlanirnar fela í sér í vinnu sinni að því að gera sitt samfélagið öruggara og þar með um leið viðbúnara til að takast á við óvænt áföll. (Úr erindi Guðrúnar Jóhannsdóttur, Íslandi)



Auk ofangreindra erinda aðalfyrirlesara verða eftir hádegi báða dagana fluttir fjöldinn allur af fyrirlestrum um eftirfarandi efni í samhliða málstofum

A – B – C – D:

- Öruggr börn
- Öruggr skólar
- Öruggr heimili
- Öruggr í umferðinni
- Öruggr aldraðir
- Öruggr á vinnustaðnum
- Öruggr í íþróttum
- Öruggr vara
- Ofbeldis- og misnotkunarforvarnir
- Sjálfskaða- og sjálfsvígsforvarnir

Allar frekri upplýsingar má finna á vef Lýðheilsustöðvar; <http://www.lydheilsustod.is>